



## Handbók dómnefnda AKÍS

# 2026

# Efnisyfirlit

|                           |   |
|---------------------------|---|
| Grundvallaratriði         | 2 |
| Fyrir keppni              | 3 |
| Meðan á keppninni stendur | 4 |
| Komi til kæru             | 4 |
| Komi til áfrýjunar        | 5 |
| Eftir að akstri lýkur     | 5 |
| Sniðmát                   | 5 |

## Grundvallaratriði

Til að keppni fari fram á sanngjarnan hátt og tryggt sé að jafnræðis sé gætt, er mikilvægt að dómnefnd beiti dómgreind og mati á atvikum á opinskáan og sanngjarnan máta. Við störf sín skal dómnefnd styðjast við Reglubók FIA (Reglubókina), viðeigandi keppnisgreinareglur, sérreglur keppinnar og önnur viðeigandi skjöl, tilmæli eða önnur gögn sem máli geta skipt.

Ólíklegt er að aðstæður, atvik og tæknileg brot sem koma fyrir dómnefnd séu alltaf afdráttarlaus. Almennt má reikna með að keppendur sætti sig við úrskurði og fyrirmæli dómnefndar ef þeir hafa trú á ákvörðunarferlinu. Sú staða getur jafnvel komið upp að réttum ákvörðunum verði áfrýjað séu þær teknar án sýnilegrar sanngirni eða í lokuðu, ógagnsæju ferli. Það er því full ástæða til þess að beita ýrtruðu kröfum um gagnsæi þegar ákvarðanir eru teknar.

Dómnefnd þarf að vera staðföst og sjálfstæð en forðast að koma fram af offorsi eða yfirlæti.

Dómnefnd ætti að nota góða dómgreind sína til að forðast að vera hlutdræg. Til dæmis ætti hún að forðast að þiggja veitingar, greiða eða gjafir frá keppendum. Dómnefnd ætti að bregðast við á hverjum tíma á þann hátt sem skapar virðingu fyrir þeirri mikilvægu stöðu sem hún gegnir fyrir hönd AKÍS og keppnishaldara.

Þessi handbók á að vera leiðbeinandi fyrir dómnefnd og svara helstu spurningum sem dómnefndarmenn kunna að hafa um störf sín og hlutverk. Reglubókin, keppnisgreinareglur og sérreglur hafa forgang við allar ákvarðanir.

Dómnefnd er ekki *lögreglan* - hún er *dómarinn*. Keppnis- eða brautarstjóra ber að tilkynna öll hugsanleg brot á reglum til dómnefndar. Dómnefnd getur einnig beðið keppnis- eða brautarstjóra um skýrslu um hugsanleg brot sem hún kann að hafa fengið vitneskju um. Dómnefnd er þar að auki heimilt að taka við erindum frá hverjum sem henni þykir við hæfi og taka mál upp að eigin frumkvæði án ábendingar frá öðrum.

Dómnefndarmenn skulu forðast að vísa sjálfir málum til dómnefndar að fyrra bragði. Dómnefndarmaður sem slíkt gerir verður um leið ótækur til setu í dómnefndinni í viðkomandi máli þar sem hann/hún getur einnig haft stöðu vitnis í slíkum tilfellum.

Ákvörðun dómnefndar ætti alltaf að taka frá sjálfstæðu og hlutlægu sjónarmiði sem byggir á öllum tiltækum upplýsingum. Formaður dómnefndar mun veita allar viðeigandi upplýsingar þegar ákvörðunin er send keppendum.

Fyrir setu í dómnefnd skal dómnefndarmaður upplýsa formann dómnefndarinnar um kringumstæður sem hugsanlega má túlka sem hagsmunaárekstur af aðilum utan dómnefndarinnar.

Eftir birtingu ákvörðunar skal dómnefnd ekki ræða hana við keppendur, starfsfólk eða fjölmiðla. Allt sem frá dómnefnd kemur þarf að koma fram í útgefnum skjölum. Og frekari upplýsingar eða umræða ekki við hæfi að lokinni birtingu.

Enginn embættismaður eða stjórnandi, einkum dómnefnd, keppnisstjóri, brautarstjóri, skoðunarmenn (og, eftir því sem við á, tæknifulltrúar), ritarar viðburðarins, staðreyndadómarar og aðal tímavörður skulu hafa, eða virðast hafa, fjárhagslega eða persónulega hagsmuni sem kunna að draga úr getu viðkomandi til að gegna skyldum sínum af heilindum og á sjálfstæðan og vandvirkan hátt. Allir þessir aðilar eru bundnir af siðareglum ÍSÍ og AKÍS, auk þess Reglubók FIA og öðrum viðeigandi reglum hverju sinni.

## Fyrir keppni

Kynntu þér þær keppnisgreinarreglur sem gilda fyrir þá keppni sem þú ert að fara starfa við.

Mikilvægt er að kynna sér nýjustu útgáfu allra reglna sem eru aðgengilegar á vefsvæði AKÍS.

Keppnin hefst formlega við innskráningu keppenda og/eða skoðun ökutækja. Æskilegt er að allir dómnefndarmenn séu viðstaddir þegar keppnin hefst. Ef það er ekki mögulegt skal fjarvera vera með samþykki formanns dómnefndar. Hann gerir þá viðeigandi ráðstafanir til að dómnefnd sé fullmönnuð við upphaf keppni.

Það er gott að fá leiðbeiningar frá keppnishaldara um hvernig komast skal að og frá keppnisstað.

Hver dómnefndarmaður skal bera skilríki útgefin af AKÍS, eða keppnishaldara eftir atvikum, sem veita fullan aðgang að keppninni. Framkvæmdanefnd keppinnar sem þú ert í dómnefnd fyrir getur gefið út slík skilríki fyrir hönd keppnishaldara og þangað sækir þú þau hafi þau ekki borist þér með öðrum hætti.

Allir þeir sem starfa í dómnefnd skulu vera snyrtilega til fara. Mælt er með að dómnefnd sé klædd í hvíta skyrtu og dökkar kakíbuxur. Dómnefndarmenn skulu ekki vera í fötum merktum keppendum, keppnisliðum eða vörumerkjum. Þá ber að forðast fatnað merktan á nokkurn þann hátt sem valdið getur öðrum ama eða skapað vafa um hlutleysi eða vald dómnefndarinnar.

Komdu þér fyrir í rýminu sem ætlað er dómnefnd og kynntu þér þá sem þú ert að vinna með í keppninni. Stundum getur verið nauðsynlegt að deila rými með öðrum, sem er í lagi. Við vitnaleiðslur eða rannsókn á atviki skulu þó eingöngu dómnefndarmenn og þeir sem þeir kalla til vera staddir í rýminu.

Vertu viss um að þú hafir allar upplýsingar til að vera í samskiptum við aðra dómnefndarmenn og aðra nauðsynlega starfsmenn keppinnar.

Dómnefnd skal koma sér saman um hvenær og hversu oft hún hittist meðan á keppni stendur. Venjulega eru að minnsta kosti þrír fundir haldnir. Við upphaf keppni, að forkeppni/tímatökum loknum og við lok keppni.

Vertu viðstaddur/-stödd alla helstu fundi sem keppnishaldari heldur og einnig keppendafund. Best er að dómnefnd sé sjáanleg á þessum fundum svo keppendur viti hverjir sinna dómnefndarstörfum. Dómnefnd tjáir sig að jafnaði ekki á slíkum fundum nema keppnis- eða brautarstjóri bjóði það eða biðji um sérstaklega.

Kynntu þig fyrir öllum helstu embættismönnum keppinnar. Finndu þér tíma til þess í samráði við keppnis- eða brautarstjóra. Einnig er gott að kynna sig fyrir lykilstarfsfólki keppnishaldara.

Dómnefnd er heimilt að kynna sér brautina með brauta-, leiða- eða þrautaskoðun og skal finna tíma í það í samráði við keppnis- eða brautarstjóra.

Ræddu við viðeigandi starfsmenn um hvort hægt verði að sjá myndbönd af akstri ökumanna og hvern eigi að hafa samband við til að nálgast slíkt efni.

Dómnefnd skal skoða þau atvik sem keppnis- eða brautarstjóri vísa til hennar, en hún má einnig skoða atvik sem hún telur þurfa að skoða af einhverri ástæðu, án nokkurrar tilvísunar.

## Meðan á keppninni stendur

Nævera þín í dómnefndarrýminu meðan á keppninni stendur er ekki skylda. En vertu til reiðu komi upp atvik sem þarf að sinna. Þú þarft ekki að horfa á keppnina allan tímann, en ef þú gerir það hjálpar það þér mögulega að takast á við þau atvik sem kunna að koma upp.

Þú ættir ekki að taka ákvörðun þína út frá því sem þú sérð á brautinni. Hún verður að vera byggð á skýrslum og viðtölunum sem dómnefnd tekur. Öllum dómnefndarmönnum er heimilt að boða til fundar í dómnefndinni.

## Komi til kæru

Berist kæra til dómnefndar er nauðsynlegt að fylgja vandlega því ferli sem kveðið er á um í Reglubókinni. Til að auðvelda dómnefnd störf sín hefur verið gerður gátlisti sem hægt er að notast við. Hann fylgir sem viðauki við þessa handbók.

Móttaka kæru skal vera skrifleg, og tímasett með þeim tíma sem kærán var móttekin. Heimild til móttöku kæru hafa brautarstjóri og aðstoðarmaður hans, sem og formaður dómnefndar.

Keppendur sem hætt hafa keppni hafa rétt til að leggja fram kæru. Keppendur sem hefur verið vísað úr keppni hafa ekki kærurétt!

## Komi til áfrýjunar

Um áfrýjun úrskurða dómnefndar gildir grein 15 í Reglubókinni. Mikilvægt er að allir sem sitja í dómnefnd kynni sér vel þessa grein og það sem henni fylgir.

## Eftir að akstri lýkur

Þegar bráðabirgðarárslit hafa verið undirrituð af keppnis- eða brautarstjóra, skal dómnefndin vera til staðar allan þann tíma sem leyfilegt er að kæra og áfrýja til að taka á móti slíkum erindum.

Síðasti fundur dómnefndar hefst þegar bráðabirgðarárslit keppninnar hafa verið birt. Þegar kærutíminn er liðinn er hægt að undirrita lokaúrslit og slíta fundinum. Þar með lýkur keppninni.

## Sniðmát

AKÍS hefur útbúið sniðmát fyrir helstu skjöl sem dómnefnd þarf á að halda í störfum sínum. Þau fylgja þessari handbók í viðhengi.

## Viðaukar

Viðauki 1 : Gátlisti fyrir móttöku kæru

Viðauki 2 : Sniðmát fyrir boðun fyrir dómnefnd

Viðauki 3 : Sniðmát fyrir almennan úrskurð

Viðauki 4 : Sniðmát fyrir breytingu á dagskrá

## Gátlisti fyrir móttöku kæru

Þetta er vinnuskjal dómnefndar og er aðeins ætlað dómnefndarmönnum til notkunar þegar þörf krefur! Sé blaðið fyllt út má það alls ekki birtast nokkursstaðar. Þessi gátlisti hefur ekkert reglugildi og er á engan hátt viðbót við Reglubókina eða aðrar viðeigandi reglur.

Leitið ávallt í kafla 13 í Reglubók FIA (ISC) varðandi kærur!

- ☐ 1. Formaður dómnefndar tekur við kærublaði frá brautarstjóra, staðgengli hans eða keppanda.
  - ☐ Kæra skal stíluð á formann dómnefndar.
  - ☐ Undirrita kæru með eigin hendi og skrá á kærana tíma og dagsetningu viðtöku.  
(Sjá ISC 13.5.4)
  - ☐ Keppandi fær afrit ef hann kærir sig um það. (Einfalt er að gera það með því að taka mynd á síma og senda viðkomandi í tölvupósti)
- ☐ 2. Er kæran frá einum keppanda gegn einum öðrum keppanda (ISC 13.1.1 til 13.1.3 og 13.7)?  
Keppendur sem hefur verið vísað úr keppni hafa ekki rétt á að leggja fram kærur!  
Keppendur sem hætt hafa keppni hafa rétt á að leggja fram kærur.
- ☐ 3. Er tilefni kæru gilt (ISC 13.2.1)?  
ATHUGIÐ að ákvörðunum dómnefndar verður aðeins áfrýjað, þær er ekki hægt að kæra!
- ☐ 4. Er kæran ótæk (til dæmis kæra á staðreyndadóm (ISC 13.7))?  
ATHUGIÐ skilyrði greina 11.16.6 og 11.16.7 í ISC varðandi staðreyndadómara!
- ☐ 5. Er kæran gegn staðreynd sem ekki er kæranleg samkvæmt viðeigandi reglum (til dæmis stytting á æfingatíma)?
- ☐ 6. Barst kæran tímanlega (ISC 13.3)?
- ☐ 7. Er kæran skrifleg, full unnin og rétt? Vísar hún í viðeigandi reglur, afstöðu kæranda og hverjum hann kærir gegn (ISC 13.4.1)?
- ☐ 8. Er kæran skiljanleg að fullu?  
Spurðu kæranda út í það sem ekki er skiljanlegt og fáðu skriflegar skýringar frá honum á kærublaðið um þau atriði.
- ☐ 9. Hefur kærugjald verið greitt (ISC 13.4.2)?
- ☐ 10. Formaður dómnefndar fyrirskipar varðveislu/björgun sönnunargagna, setur ökutæki eða hluta þess í örugga geymslu, innsiglar eða gerir hvað annað sem telst gagnlegt eða nauðsynlegt.
- ☐ 11. Formaður dómnefndar fyrirskipar tíma/stigaverði að halda eftir úrslitum eða skipar fyrir um að úrslit skuli vera bráðabirgða úrslit (ISC 13.8.2).

- ☐ **12.** Formaður dómnefndar lætur keppnishaldara vita af kæru til að tryggja að verðlaunum sé haldið eftir þar til úrskurður liggur fyrir (ISC 13.8.1).
- ☐ **13.** Formaður dómnefndar finnur tíma og stað fyrir skýrslutöku svo fljótt sem auðið er eftir viðtöku kæru (ISC 13.6.1).  
Boðun með tíma og staðsetningu þarf að berast með sannanlegum hætti til kæranda og allra hlutaðeigandi.
- ☐ **14.** Formaður dómnefndar boðar kæranda, keppanda sem kært er gegn, vitni þeirra (ef einhver eru) og önnur vitni með skriflegum hætti og tryggir að boðunin sé móttækin af viðkomandi persónulega (ISC 13.6.2 og 13.6.3).
- ☐ **15.** Dómnefnd ræðir áður hvort kærana sé tæk eður ei í einrúmi. Þegar kærana er ekki talin tæk skal dómnefnd skrifa úrskurð þess efnis og birta. Úrskurður sá er áfrýjanlegur!.  
Sé kærana tæk er farið í skýrslutöku.
- ☐ **16.** Við upphaf skýrslutöku fer formaður dómnefndar yfir hvort kærana er tæk eður ei.
- ☐ **17.** Vitnaleiðslur fara fram að viðstöddum öllum dómnefndarmönnum.  
Mæti einhver hlutaðeigandi ekki til skýrslutöku eða vitni mætir ekki er heimilt að fella dóm að þeim fjarverandi (ISC 13.6.4).  
Æskilegt er að skýrslutaka fari fram með alla hlutaðeigandi viðstadda!  
Heimilt er að fyrirskipa frekari tæknilegar rannsóknir eða athuganir ef þess gerist þörf!
- ☐ **18.** Formaður dómnefndar stýrir umræðum um kærana að viðstöddum öllum dómnefndarmönnum, í næði að lokinni skýrslutöku. Að þeim loknum skilar dómnefnd skriflegum úrskurði.
- ☐ **19.** Úrskurður dómnefndar verður að innihalda:
  - ☐ **a.** Úrskurð um hvort kærana er tæk, henni hafnað eða að hún hafi verið dregin til baka.
  - ☐ **b.** Refsingum sem veita á ef hún er gild.
  - ☐ **c.** Ef keppanda er vísað úr keppni, hvort færa eigi keppendur á eftir honum upp um sæti.
  - ☐ **d.** Kærana tæk/samþykkt? Já, nei, eða að hluta?
  - ☐ **e.** Hvernig fara skal með kærugjald (ISC 13.10.1 og 13.10.2).
  - ☐ **f.** Hvort einhver hafi ekki unnið í góðri trú (ISC 13.11)? Já eða nei.
  - ☐ **g.** Minna á rétt til áfrýjunar, sé úrskurður áfrýjanlegur.
- ☐ **20.** Formaður dómnefndar:
  - ☐ **a.** Tilkynnir báðum aðilum um úrskurð og refsingar (ef einhverjar eru) með skriflegum hætti og fær staðfestingu beggja á móttöku og tíma móttöku (mikilvægt vegna tímamarka áfrýjunar).
  - ☐ **b.** Tilkynnir báðum aðilum um rétt þeirra til áfrýjunar og ferli hennar.
  - ☐ **c.** Birtir úrskurðinn á upplýsingatöflunni með tímastimpli birtingar (ISC 11.9.4).
  - ☐ **d.** Tilkynna tíma/stigaverði um úrskurðinn og leyfa birtingu úrslita sem þó eru enn bráðabirgðaúrslit þar sem áfrýjun gæti borist.
  - ☐ **e.** Varðveita öll sönnunargögn/vélarhluta o.s.frv. þar til tímafrestur til að tilkynna um



ætlan áfrýjunar rennur út.

- ☐ **f.** Sé ekki áfrýjað skal skila ökutækjum/vélarhlutum.  
Skila kærugjaldi (eða hluta þess) ef kæra var tekin til greina í heild eða að hluta (tryggja skriflega kvittun viðkomandi á móttöku endurgreidds kærugjalds) (ISC 13.10.1 og 13.10.2).
- ☐ **g.** Berist tilkynning um ætlun áfrýjunar skal fyrirskipa verndun sönnunargagna og hvað annað sem þarf.
- ☐ **h.** Undirrita lokaúrslit, með fyrirvara ef þörf krefur (ISC 20/Lokaúrslit og athugið einnig mögulega fyrirvara sbr. 12.3.3.a).

☐ **21.** Sérstakar kringumstæður:

- ☐ **a.** Það kann vel að vera að úrskurð sé ekki hægt að fella á staðnum eða strax.
- ☐ **b.** Í slíku tilfalli er mjög mikilvægt að tryggja öll sönnunargögn og fyrirskipa allar skoðanir eða athuganir sem gætu skipt máli eða verið þarfar.
- ☐ **c.** Einnig er mikilvægt að dómnefnd geri það sem þarf til að fyrirskipa áframhald vitnaleiðslna eða aðgerða eins fljótt og auðið er  
- á sama tíma og réttindi allra keppenda eru tryggð.
- ☐ **d.** Í FIA mótum, bikarkeppnum, áskorunum, útsláttarkeppnum eða deild eða alþjóðlegum deildum geta komið til framhalds vitnaleiðslur komi fram beiðni um endurupptöku.



## Boðun fyrir dómnefnd

---

|            |                                                                 |
|------------|-----------------------------------------------------------------|
| Frá        | Dómnefnd [nafn keppni]                                          |
| Til        | Keppanda á ökutæki 33<br>Keppanda á ökutæki 43<br>Keppnisstjóra |
| Skjal      | 1                                                               |
| Dagsetning | 1. ágúst 2025                                                   |
| Klukkan    | 17:00                                                           |

---

### Boðun til skýrslutöku

Dómnefnd kallar til keppendur á ökutækjum 33 og 43 auk keppnisstjóra vegna kæru um atvik XX sem barst frá keppanda nr. 43

### Fyrir hönd dómnefndar

Jón Jónsson  
Formaður dómnefndar

## Almennur úrskurður

**Frá:** Dómnefnd [nafn keppni]  
**Til:** Allra keppenda.  
**Skjal:** 1  
**Dagsetning:** 1. ágúst 2025  
**Klukkan:** 10:00

### **Keppandi á ökutæki nr. 43 kærir viðgerðarhlé sem keppandi nr. 69 tók í ferð í 24 bíla úrslitum.**

Dómnefnd boðaði keppnisstjóra og keppendur á bílum #43 og #69 í skýrslutöku þar sem atvikið var rætt og fengust þær upplýsingar að ...

Samkvæmt greinum 11.10 og 11.11 í Reglubókinni er farið yfir skyldur keppnis- og brautarstjóra þurfa breytingar sem þeir vilja gera á sérreglum fyrir keppnina að leggja þær fyrir dómnefnd til að birta á upplýsingatöflu keppinnar.

Í keppnisreglum ... kemur fram í grein 2.2:

*"Hafa keppendur þá rétt á því ..f. "*

Aukinheldur kemur fram í grein 65.1.11:

65.1.11 Keppönd

65.1.11.a lala

65.1.11.b bla bla

### **Niðurstaða**

Til samræmis við það sem kom fram í skýrslutöku þá hafði keppandi #69 ... í samræmi við grein 2.2.11 í greinarreglum í xxx

### **Úrskurður**

Keppnisstjóra ... þar af leiðandi er kæran ekki tekin til greina.

### **Kærugjald**

Kærugjald er ekki endurgreitt til keppanda.

### **Áfrýjun**

Keppendum er bent á rétt sinn til að áfrýja úrskurði dómnefndar samkvæmt grein 15 í Reglubókinni.

### **Fyrir hönd dómnefndar**

Jón Jónsson

Formaður dómnefndar

# Dagskrárbreyting

---

|            |                        |
|------------|------------------------|
| Frá        | Dómnefnd [nafn keppni] |
| Til        | Allra keppenda         |
| Skjal      | 1                      |
| Dagsetning | 18. júní 2025          |
| Klukkan    | 12:00                  |

---

Dómnefnd gerir eftirfarandi breytingar á dagskrá í samráði við keppnisstjóra.

Dagskrá var samkvæmt sérreglum:

## GREIN 11.2 TÍMASETNINGAR OG HÖGUN

**11.2.1** Ræsing fer fram á eftirfarandi tímum og með tilgreindri högun:

**11.2.1.a** Æfing klukkan 11:30. Ræst á ferð án fylgdarbíls.

**11.2.1.b** Tímatökuæfing klukkan 12:00. Ræst á ferð án fylgdarbíls.

**11.2.1.c** Fyrri kappakstur klukkan 13:00. Ræst úr kyrrstöðu.

**11.2.1.d** Seinni kappakstur klukkan 14:30. Ræst úr kyrrstöðu.

Dagskrá samkvæmt skráningar síðu var:

Dagskrá keppinnar verður sem hér segir:

10:00 Mæting keppenda  
10:15 Skoðun hefst  
11:00 Pittur lokar  
11:15 Skoðun lýkur  
11:15 Keppendafundur  
11:30 Æfing  
12:00 Tímataka  
13:15 Keppnislota 1  
14:45 Keppnislota 2  
16:40 Lokaúrslit birt

Dagskrá samkvæmt sérreglum verður:

## GREIN 11.2 TÍMASETNINGAR OG HÖGUN

**11.2.1** Ræsing fer fram á eftirfarandi tímum og með tilgreindri högun:

**11.2.1.a** Æfing klukkan 12:15. Ræst á ferð án fylgdarbíls.

**11.2.1.b** Tímatökuæfing klukkan 12:45. Ræst á ferð án fylgdarbíls.

**11.2.1.c** Fyrri kappakstur klukkan 13:45. Ræst úr kyrrstöðu.

**11.2.1.d** Seinni kappakstur klukkan 15:15. Ræst úr kyrrstöðu

Dagskrá samkvæmt skráningar síðu verður:

Dagskrá keppinnar verður sem hér segir:

10:00 Mæting keppenda  
10:15 Skoðun hefst  
11:00 Pittur lokar



11:15 Skoðun lýkur  
11:15 Keppendafundur  
12:15 Æfing  
12:45 Tímataka  
13:45 Keppislota 1  
15:15 Keppislota 2  
17:15 Lokaúrslit birt

**Fyrir hönd dómnefndar**

Jón Jónsson

Formaður dómnefndar